

28. ágúst 2006

**Varðar: Túlkun á kjarasamningsákvæði 2.6.10 og 3.4.4**

Í bréfi frá 25. júlí sl. óskar þú eftir álitinu mínu á ofangreindum kjarasamningsákvæðum.

Vegna eðlis vaktavinnunnar hafa vaktavinnustarfsmenn ekki sérstaka matar- og kaffitíma eins og skýrt er kveðið á um í kjarasamningsákvæði 2.6.10. Vegna þessarar skerðingar þá er hver vakt talin 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nemur. Hins vegar er vaktavinnustarfsmönnum heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Á vinnustöðum þar sem mötuneyti eru til staðar þá hafa vaktavinnustarfsmenn haft jafnan aðgang að því og dagvinnustarfsmenn, þ.e. svo fremi sem því verði við komið starfsins vegna.

Almennt er fjallað um matar- og kaffitíma starfsmanna í kafla 3.4 í kjarasamningum opinberra starfsmanna og í ákvæði 3.4.4 er kveðið á um fæðispeninga. Þar sem vaktavinnustarfsmenn hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma, sbr. ofangreint, tekur ákvæði 3.4.4 ekki til vaktavinnustarfsmanna. Þeir uppfylla ekki skilyrðið í 3. t. kjarasamningsákvæðis 3.4.4 að matarhlé þeirra sé ½ klst. og vegna þessa eiga vaktavinnustarfsmenn því ekki rétt á fæðispeningum.

Það er ávallt heimilt að gera betur en lágmarksákvæði kjarasamninga kveða á um. Í þessu tilviki sem um ræðir virðist greiðsla fæðispeninga hins vegar vera háð því skilyrði að nýta ekki mötuneytið. Þar sem starfsmennirnir eiga almennt ekki rétt á fæðispeningum samkvæmt kjarasamningi þá verða starfsmennirnir að gera það upp við sig hvort þeir vilji gangast við þessu skilyrði og fá greidda fæðispeninga í staðinn fyrir að nýta ekki mötuneytið.

F.h. BSRB

---

Erna Guðmundsdóttir, hdl.